

Nú ætla allir hér að dansa

Snarað á íslensku: H.R.G.

Nu skal vi allesammen danse

Lag og texti: Lis Holm

The musical score is written in 4/4 time on a single treble clef staff. It consists of two lines of music. The first line has four measures with chords C, Dm, G, and C above them. The second line has five measures with chords C, Dm, G, Dm, and C above them. The lyrics are written below the notes.

Nú ætl - a all - ir hér að dans - a dans - a í stór - um hring
5 sum - ir dans - a inn í miðj - u all - ir þeir sem er - u:

Nú ætla allir hér að dansa
dansa í stórum hring
sumir dansa inn í miðju
allir þeir sem eru: *með gleraugu/ljóst hár/berar tásur/gráum buxum...*

Kennari spilar á píanó/gítar og allir syngja saman. Nemendur standa allir í hring og dilla sér með laginu þar til kennarinn eða einhver ákveðinn forsöngvari (hægt að skiptast á) segir hverjir eiga að fara inn í hringinn. Það gætu til dæmis verið allir þeir sem eru: með ljóst hár/með dökkt hár/í svörtum buxum o.s.frv. Þeir hinu sömu fara þá inn í hringinn og dansa þar á meðan að lagið er sungið aftur þar til kemur að því að forsöngvarinn segir hverjir eiga næst að fara inn í hringinn.